

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 120/98
frá 18. desember 1998

um breytingu á XI. viðauka (Fjarskiptþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/98 frá 27. nóvember 1998⁽¹⁾.

Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/511/EB frá 29. júlí 1998 um breytingu á tilmælum 98/195/EB um samtengingu á frjálsum fjarskiptamarkaði (1. hluti - Verðlagning samtengingar)⁽²⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 26g (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/195/EB í XI. viðauka við samninginn:

„eins og þeim var breytt með:

- **398 X 0511:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 98/511/EB frá 29. júlí 1998 (Stjtið. EB L 228, 15.8.1998, bls. 30).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 277, 28.10.1999, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 28.10.1999, bls. 126.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 228, 15. 8. 1998, bls. 30.

2. gr.

Fullgiltur texti tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 98/511/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. desember 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 18. desember 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner